

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-23/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. mars sl. bað A fyrir hönd X, hér eftir einnig nefnt álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla á fótboltaspili, sem keypt var af Y. Álitsbeiðandi gerir kröfur um að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 29. mars. Engin andsvör bárust frá seljanda og málið því tekið til afgreiðslu a grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 4. júní 2012 keypti álitsbeiðandi af seljanda, fótboltaspil af gerðinni Rialto, fyrir kr. 94.000. Spilið reyndist veikbyggt og var því skilað rúmum mánuði síðar, hinn 6. júlí og þess í stað fengið borð af Magic gerð sem sagt var veigameira. Greiddar voru kr. 5.000 aukalega fyrir síðarneftnda borðið.

Segir álitsbeiðandi að seinna spilið hefði einnig reynst illa, fótboltakarlar hefðu strax losnað og ekki verið hægt að festa þá aftur. Lagðist því notkun á spilinu af í nokkra mánuði. Í desember 2012 hafði álitsbeiðandi samband við seljanda og óskaði eftir því að spilið yrði endurgreitt þar sem það væri annaðhvort gallað eða ekki gert fyrir spilun fullorðinna. Legið hefði fyrir frá upphafi að ætlunin væri að kaupa borð sem þylði eðlilega notkun, svipað og þau borð sem eru í notkun í félagsmiðstöðvum og skólum. Segir álitsbeiðandi að fyrir liggi álit sérfræðings um að spilið muni ekki þola slíka notkun. Sem fyrir segir krefst álitsbeiðandi riftunar.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent neftndinni.

Í 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup segir eftirfarandi:

„Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin.

Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut

viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.“

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. ber kaupanda því án ástæðulauss dráttar að tilkynna seljanda að hann muni bera fyrir sig galla frá því hann varð galla var eða mátti verða hans var. Að öðrum kosti fellur hugsanlegur réttur neytanda til úrbóta á göllunum niður. Rétt er að benda á að ekki skiptir máli í þessu sambandi þó kaupanda hafi ekki verið kunnugt um ákvæði 1. mgr. 32. gr. laganna.

Álitsbeiðandi mun hafa fengið síðara fótboltaspilið afhent 6. júlí. Samkvæmt því sem álitsbeiðandi segir sjálfur í álitsbeiðni sinni, var borðið orðið ónothæft um mánuði síðar, þ.e. í byrjun ágúst. Kveðst álitsbeiðandi ekki hafa kvartað undan þessu við seljanda fyrr en í desember s.á., eða í skemmsta lagi fimm mánuðum eftir að spilið varð ónothæft. Að mati kærunefndarinnar hefði álitsbeiðandi átt að kvarta undan spilinu við seljanda, án ástæðulauss dráttar, sbr. 1. mgr. 32. gr. lausafjárkaupalaga, en ekki um fimm mánuðum eftir að ljóst var að það var ónothæft.

Er það álit kærunefndarinnar að miðað við framangreindar aðstæður hafi sá dráttur orðið á kvörtun álitsbeiðanda að hún hafi ekki komið fram í tæka tíð í skilningi ákvæðis 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og því hafi álitsbeiðandi af þeim sökum glatað riftunarrétti sínum gagnvart seljanda sem hann kynni annars að hafa átt. Ber því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir